

# Áveitan

7. tbl. 7. árgangur. Júlí 2013

## 27. Landsmót UMFÍ, Selfossi 4.-7. júlí 2013

### Dagskrá

#### Fimmtudagur 4. júlí

- Kl. 12:00-19:00 Skotkeppni skeet (Skotsvæði)
- Kl. 15:00-23:00 Badminton (Íða - íþróttahús)
- Kl. 15:00-23:00 Handknattleikur (Íþróttahús Vallaskóla)
- Kl. 15:00-19:00 Borðtennis (Baula - íþróttahús)

#### Föstudagur 5. júlí

- Kl. 08:00-17:00 Golf (Svarfhólsvöllur)
- Kl. 09:00-20:00 Kjöfnattleikur (Íða - íþróttahús)
- Kl. 09:00-20:00 Handknattleikur (Íþróttahús Vallaskóla)
- Kl. 10:00-20:00 Brídds (FSu - skólastofur)
- Kl. 10:00-17:00 Skotkeppni skeet (Skotsvæði)
- Kl. 10:00-14:00 Hestaíþróttir (Brávellir)
- Kl. 11:00-14:00 Boccia fatlaðir (FSu - stóri salur)
- Kl. 11:00-16:00 Frjálsíþróttir (Frjálsíþróttavöllur)
- Kl. 11:00-15:00 Gróðursetning (Tjaldsvæði við Suðurhóla)
- Kl. 12:00-18:00 Knattspyrna (Selfossvöllur) **(Framhald á bls 4)**



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## Frá sveitarstjóra

### Íþróttamaður ársins

Ægir Atlason fimleikamaður var kjörinn íþróttamaður Flóahrepps árið 2012 við hátíðlega athöfn í Þingborg föstudaginn 31. maí s.l.

Það voru formenn ungmennafélaganna Baldurs, Vöku og Samhygðar ásamt æskulýðs- og tómstundanevnd Flóahrepps sem völdu Ægi íþróttamann ársins.

Ægir er 14 ára fimleikamaður og æfir með Fimleikadeild Selfoss. Á árinu hefur hann keppt með blönduðu liði Selfoss sem og karlaliði Selfoss en einnig keppti hann með unglíngalandsliði Íslands í blönduðum flokki á Evrópumótinu í Árósum í Danmörku 19.-20.október 2012.

Í umsögn þjálfara kemur fram að Ægir hafi ungar byrjað að æfa með Fimleikadeild Selfoss og sýndi fljótt hvers megnugur hann er. Hann hefur frá því hann byrjaði að æfa tekið jöfnum framförum og verið fljótur að tileinka sér ný stökk og æfingar. Hann hefur ávallt verið í fremstu röð í sínum aldursflokki og leitt hópinn sinn áfram í gegnum keppnir.

Ægir æfir vel og vill fá krefjandi verkefni á æfingum sem skilar honum miklum erfiðleika í stökkum þrátt fyrir ungan aldur. Hann er metnaðargjarn og vill ná fullkomnun í því sem hann gerir. Hann mun á næstu árum verða enn betri en sagt er að fimleikamaenn toppi eftir tvítugt. Ægir stefnir ótrauður á að komast í næsta unglíngalandslið Íslands í hóp fimleikum og verður gaman að fylgjast með honum þá þar sem hann mun verða enn sterkari með reynsluna frá EM 2012.

Ægir er sannarlega vel að kjörinu kominn eins og sjá má á umsögn þjálfara.

### Grenjavinnsla 2013

Birgir Örn Arnarson mun annast grenjavinnslu í sumar eins og undanfarin ár. Ef einhver hefur orðið var við refi í sveitarfélaginu þá má gjarna hafa samband við Birgi í síma 891-8898.

### Umhverfisverðlaun

Atvinnu- og umhverfisnevnd Flóahrepps auglýsir eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna í Flóahreppi.

Íbúar eru hvattir til að taka þátt og þar með veita viðurkenningu þeim aðilum, fyrirtækjum og/eða félagasamtökum sem hafa staðið sig vel í

umhverfismálum enda óhætt að segja að íbúar séu meðvitaðir um umhverfi sitt og umhverfismál.

Það er mikilvægt og nauðsynlegt fyrir þá sem hafa gert gangskör eða skarað framúr í snyrtingu og fegrun umhverfis að fá viðurkenningu fyrir það en ekki síður fyrir samfélagið í heild að skapa sér ímynd sem snyrtilegt og umhverfisvænt sveitarfélag.

Frestur til að skila inn tillögum er til 15. júlí n.k.

Tillögur má senda á netföngin arni@floahreppur.is,

floahreppur@floahreppur.is eða á skrifstofu Flóahrepps, Þingborg, 801 Selfoss, merkt umhverfisverðlaun.

### **Húsvörður leik- og grunnskóla**

Sveitarstjórn hefur samþykkt að Rúnar Magnússon, húsvörður við Flóaskóla, taki að sér starf húsvarðar leik- og grunnskóla Flóahrepps. Hann mun einnig hafa umsjón með öðrum mannvirkjum í eigu Flóahrepps svo og að hafa yfirumsjón með vinnuskóla sveitarfélagsins.

### **Skólaskrifstofa Suðurlands**

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 5. júlí s.l. var lögð fram ályktun frá fundi fulltrúa aðildarsveitarfélaga Skólaskrifstofu Suðurlands utan Árborgar sem haldinn var 29. maí 2013 á Hvolsvelli. Í ályktun kemur fram að í ljósi þess að sveitarfélagið Árborg sagði sig úr byggðasamlagi um Skólaskrifstofu séu forsendur til reksturs sameiginlegrar Skólaskrifstofu brostnar. Lagt var til að sveitarfélögin sem eftir standa hefji vinnu við samþættingu sérfræðipjónustu á sviði fræðslu- og skólamála við velferðarþjónustu Árneshlíðar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti að segja sig úr byggðasamlaginu um Skólaskrifstofu Suðurlands og vísaði málinu til yfirstjórnar sameiginlegrar félagsþjónustu sjö sveitarfélaga í Árneshlíðar til frekari umfjöllunar.

### **Fjör í Flóa 2013**

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar rekstrarstjórn, húsvörðum félagsheimila og öllum þeim fjölmörgu aðilum sem komu að undirbúningi og vinnu við Fjör í Flóa fyrir góða vinnu og vel heppnaða helgi.

### **Lokun skrifstofu**

Skrifstofa Flóahrepps verður lokuð í sumar frá 9. júlí til og með 20. júlí vegna sumarleyfa starfsmanna.

Sveitarstjóri

- Kl. 13:00-19:00 Skák (FSu - skólastofur)
- Kl. 14:00-18:00 Boccia opin keppni (FSu - stóri salur)
- Kl. 17:00-21:00 Júdí (Baula - íþróttahús)
- Kl. 21:00-22:00 Mótssetning (Frjálsíþróttavelli)

### **Laugardagur 6. júlí**

- Kl. 08:00-16:00 Golf (Svarfhólsvöllur)
- Kl. 09:00-21:00 Blak (Íþróttahús Vallaskóla)
- Kl. 09:00-22:00 Taekwondo (Baula - íþróttahús)
- Kl. 09:00-13:00 Sund (Sundhöll Selfoss)
- Kl. 09:00-15:00 Mótokross (Mótokrossbraut - Hrísmýri)
- Kl. 10:00-13:00 Jurtagreining (FSu - opið rými)
- Kl. 10:00-13:00 Stafsetning (FSu - stóri salur)
- Kl. 10:00-15:00 Kjörfuknattleikur (Íða - íþróttahús)
- Kl. 10:00-20:00 Bridds (FSu - skólastofur)
- Kl. 10:00-18:00 Kraftlyftingar (Sunnulækjarskóli - miðrými/Fjallasalur)
- Kl. 10:00-14:00 Skotkeppni riffill (Skotsvæði)
- Kl. 10:00-14:00 Hestaíþróttir (Brávellir)
- Kl. 10:00-12:00 10 km götuhlaup (Frjálsíþróttavöllur)
- Kl. 11:00-16:00 Frjálsíþróttir (Frjálsíþróttavöllur)
- Kl. 12:00-18:00 Knattspyrna (Selfossvöllur)
- Kl. 13:00-17:00 Skák (FSu - skólastofur)
- Kl. 13:00-17:00 Dráttarvélaakstur (Við Jötun vélar við Austurveg)
- Kl. 14:00-17:00 Lagt á borð (FSu - opið rými)
- Kl. 14:00-22:00 Kjörfuknattleikur (Baula - íþróttasalur)
- Kl. 14:00-18:00 Hestadómar (Brávellir)
- Kl. 17:00-19:00 Starfshlaup (Frjálsíþróttavöllur)
- Kl. 18:00-22:00 Fimleikar (Íða - íþróttahús)

### **Sunnudagur 7. júlí**

- Kl. 09:00-14:00 Bridds (FSu - skólastofur)
- Kl. 09:00-12:00 Blak (Íþróttahús Vallaskóla)
- Kl. 09:00-13:00 Sund (Sundhöll Selfoss)

Kl. 10:00-16:00	Glíma (Baula - íþróttahús)
Kl. 10:00-15:00	Ólympískar Lyftingar (Sunnulækjarskóli)
Kl. 10:00-14:00	Pútt (Svarfhólsvöllur)
Kl. 10:00-13:00	Knattspyrna (Selfossvöllur)
Kl. 10:00-14:00	Skotkeppni loftskammbyssa (Reiðhöll við Brávellu)
Kl. 11:00-15:00	Pönnukökubakstur (FSu - opið rými)
Kl. 11:00-16:00	Frjálsíþróttir (Frjálsíþróttavöllur)
Kl. 12:00-16:00	Dans (Íða - íþróttahús)
Kl. 13:00-16:00	Körfuknattleikur (Íþróttahús Vallaskóla)
Kl. 17:00-18:00	Mótsslit (Frjálsíþróttavöllur)

## Frá UMF Baldri

### Æfingar í Einbúa

Mínum á leikjaæfingarnar í Einbúa á miðvikudögum. Hjördís Björg Viðjudóttir mun sem fyrr sjá um æfingarnar, farið verður í allskonar leiki og fleira sér til gamans gert. Endilega allir krakkar að mæta. Einhvert kvöldið verða grillaðar pulsar að lokinni æfingu. ATHUGIÐ að það að mæta æfingarnar kostar ekkert fyrir krakkanna, heldur eru æfingarnar í boði Umf. Baldurs. Umf. Baldur

### Landsmót UMFI

Umf. Baldur hvetur alla félagsmenn sína og aðra lesendur að mæta á Landsmót UMFI á Selfossi um komandi helgi og hvetja sitt fólk áfram.

### Að lokum

Félagið er með Facebooksíðu undir nafninu Ungmennafélagið Baldur Hraungerðishrepp. Endilega gerist vinir okkar þar og fáið fréttirnar beint í æð.

## Sumarferð kvenfélags Villingaholtshrepps

Jæja stelpur, nú bregðum við undir okkur betri fætinum og förum í sumarferðina okkar þriðjudaginn 9. júlí. Lagt verður af stað frá Þjórsárveri kl. 11 og komið aftur heim eftir kvöldmat. Við byrjum á því að keyra í Mosfellsbæinn og skoða þar nokkra skemmtilega staði. Því næst verður keyrt um Mosfellsheiði og á Þingvöll, Lyngdalsheiði og á Laugarvatn. Skemmtanasjóðurinn okkar góði mun borga rútuna en hver kona borgar fyrir sig mat og annað sem til fellur. Skráning í síðasta lagi á sunnudaginn 7. júlí hjá Sigrúnu Hrefnu í síma 862-1574, eða hjá Elfu í síma 892-8295. Sjáumst hressar.

Skemmtinefndin

# Íþróttافرétir

## Úrslit Héraðsleika HSK sem fram fóru 15. júní 2013 í Þorlákshöfn

Hnokkar 9 ára og yngri:

Nafn	ár	Grein	árangur	sæti
Sigurjón Reynisson	'05	Langstökk	2,76m	5.
		60m hlaup	11,94 sek.	7.
Einar Skeggjason	'06	Langstökk	2,71m	6.
		60m hlaup	12,18 sek.	9.
Helgi Reynisson	'08	Langstökk	1,73m	20.
		60m hlaup	15,40 sek	21.
Oddur Olav Davíðsson	'06	Langstökk	2,46m	11.
		60m hlaup	13,19 sek	13.
Auðunn Ingi Davíðsson	'06	Langstökk	2,30m	14.
		60m hlaup	17,43sek	23.
Daði Kolviður Einarsson	'05	Langstökk	2,37m	13.
		60m hlaup	12,05m	8.

Piltar 10 ára

Nafn	ár	Grein	árangur	sæti
Unnsteinn Reynisson	'03	Kúluvarp	5,67m	4.
		60m hlaup	10,91	2.
		Hástökk	1,00m	2.
		Langstökk	3,07m	3.
		800m hlaup	3:25,29mín.	6.

## Úrslit Aldursflokkamóts HSK sem fram fór 15. júní 2013 í Þorlákshöfn

Piltar 11 ára

Nafn	ár	Grein	árangur	sæti
Dagur Fannar Magnússon	02	60m hlaup	10,27 sek	6.
		Langstökk	3,46m	7.
		Spjótkast	14,25m	4.
		800m hlaup	2:50,04mín	1.

Stúlkur 14 ára

Nafn	ár	Grein	árangur	sæti
Sunna Skeggjadóttir	'99	Langstökk	4,07m	3.
		Spjótkast	18,82 m	3.
		60m hlaup	15,56 sek.	6.
		Kúluvarp	7,49m	4.
Eyrún Gautadóttir	'99	800m hlaup	1:46,58 mín	1.

Þjótandi lenti í 7. sæti í heildarstigakeppni aldursflokkamótsins með 28 stig.

## Meistaramót Íslands 11-14 ára í frjálsum íþróttum 22.-23. júlí 2013

Lið HSK/Selfoss sigraði stigakeppni mótsins eftir spennandi keppni. Þjótandi átti fjóra keppendur í keppnisliði HSK/Selfoss að þessu sinni og árangur þeirra var eftirfarandi:

Nafn	ár	Grein	Árangur	Sæti
Dagur Fannar Einarsson	'02	60m. hlaup	9,73 sek	8.
		Langstökk	3,54m	13.
		800m. hlaup	2:46,52	1.
Sunna Skeggjadóttir	'99	100m. hlaup	15.03sek	15.
		Undanr.100m	14,92sek	
		Langstökk	4,06m	12.
		Kúluvarp	7,67m	10.
Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	Spjótkast	18,39m	18.
		Kúluvarp	6,75m	17.
		Spjótkast	14,93m	22.
Eyrún Gautadóttir	'99	Hástökk	1,26m	18.
		800m hlaup	2:42,65mín	3.

## Héraðsmót HSK fór fram dagana 18. og 19. júní síðastliðin. Þjótandi hafnaði í 4. sæti stigakeppninnar.

Bjarni Már Ólafsson	Spjótkast	48,28m	1.
Haraldur Einarsson	100m hlaup	11,76 sek	1.
	400m hlaup	52,50 sek	1.
	Langstökk	5,99m	2.
	200m hlaup	24,01	1.
Rúnar Hjálmarsson	Sleggjukast	24,07m	5.
	Kringlukast	32,16m	4.
Eyrún Gautadóttir	1500m hlaup	6:12,5mín	1.
	110m grind	18,10sek	2.

### Hjólalally Umf. Vöku

Hjólalally verður haldið fimmtudagskvöldið 8. ágúst í malargryfjunum við Hurðarbaksveg og hefst kl. 20. Ýmsar spennandi þrautir fyrir hugdjarfa hjólreiðakappa á öllum aldri. Opín sjoppa í skott í bíl. Nánar auglýst í næstu Áveitu.

## Fréttir frá Krakkaborg

Í júnímánuði hefur starfið í leikskólanum verið með frekar óhefðbundnum hætti. Útivistin hefur verið óspart notuð enda hefur veðrið verið alveg ágætt og alltaf eitthvað hægt að bralla spennandi. Búið er að sá gulrótar- og rófufræjum, kartöflurnar löngu komnar niður og dýrindis rabarbarasulta komin í krukkur. Ég vil nota tækifæri og þakka þeim Kristjáni og Önnu í Forsæti 4 kærlega fyrir að gefa leikskólanum kartöfluútsæði. Einnig þakka vil ég þakka Mareike og Sturla í Fljótshólum fyrir að útvega okkur gulrótar og rófufræ. Í júní vorum við með tilraunadaga þar sem börn og starfsfólk gerðu hinar ýmsu tilraunir og skemmtu sér vel. T.d. bjuggum við til slím úr kartöflumjöli, regnbogamjólk úr mjólk, matarlit og sápu, bjuggum til vígalegt eldgos úr mentosi og kókflösku og margt fleira. Þessar tilraunir vöktu mikla lukku og var starfsfólkið ekki síður spennt en börnin að prófa og sjá útkomuna. Við fengum heimsókn frá slökkviliðinu og fengu allir sem vildu að prófa brunaslönguna og reyna að slökkva ímyndaða elda í garðinum okkar. Öðrum fannst miklu skemmtilegra að hlaupa undir vatnsbununa og var ekki þurr þráður á sumum þegar skemmtuninni lauk. Farið var í veiðiferðir þar sem reynt var að klófesta síli en þrátt fyrir að skurðir og lækjarsprænur hafi verið vandlega yfirfarnar þá veiddust engin síli í þetta skiptið. Hjóladagur var haldinn í lok mánaðarins þar sem börnin fengu að koma með hjólin sín í leikskólann og reyna við ýmsar þrautir sem búið var að koma upp á planinu við leikskólann. Farið var í sumarferð í Kolsholt og Jaðarkot þar sem börnin skoðuðu skógræktina, fóru í hellaleiðangur og gæddu sér svo á dýrindis grilluðum hamborgurum. Þökkum við heimilisfólkinu þar kærlega fyrir góðar móttökur.

Skólaárið 2012 – 2013 er að baki og hefur það verið bæði viðburðaríkt og skemmtilegt. Það hefur einkennst af hefðbundnum viðfangsefnum leikskólans sem og nýjum og spennandi viðburðum. Við erum sérstaklega ánægð með hversu vel tókst til á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember sl. þegar börn og starfsfólk Krakkaborgar, í samstarfi við Flóahrepp, buðu eldri borgurum í kaffisamsæti í Þingborg. Einnig erum við mjög ánægð með sumarhátíð Krakkaborgar og hve margir tóku þátt í þeim skemmtilega degi með okkur. Flóahreppur er frábært sveitarfélag og finnum við í Krakkaborg svo sannarlega fyrir hlýhug og góðvild sveitunga okkar í garð leikskólans. Vil ég, fyrir hönd starfsmanna og nemenda Krakkaborgar, þakka kærlega fyrir samskiptin og samveruna á liðnu skólaári.

Leikskólinn Krakkaborg lokar vegna sumarleyfa 1. júlí og opnar aftur miðvikudaginn 7. ágúst. Starfsfólk leikskólans mætir hinsvegar til vinnu 6. ágúst en þá er skipulagsdagur.

Hafið það sem allra best í sumar.

Bestu kveðjur,  
Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir  
Aðstoðarleikskólastjóri, Krakkaborg



## Pistillinn

Takk fyrir áskorunina lðunn mín. Gaman að þú skulir halda að ég hafi frá einhverju skemmtilegu að segja. Ég mun í það minnsta reyna. Í minningu minni er eins og leið mín hafi oft legið um hreppana þrjá sem nú mynda Flóahrepp. Ég fór oft með móðurbróður mínum og hans fjölskyldu í eitthvað hestastúss þar um slóðir. Ég man til dæmis eftir heimsóknum á bæina Dalbæ, Egilstaði, og Hurðabak. Þá áttu vinkonur mínar í næsta húsi tengingar í Villingaholtshrepp og fékk ég í tvígang að fara með þeim í bústaðinn hans Bolla heitins við Gróf. Þá voru þær jafnframt barnabörn Eiríks á Gafli og fékk ég stundum að fara með þeim þangað í heimsókn. Ein heimsókn er mér alltaf mjög minnisstæð. Þá hef ég verið í mesta lagi 5 ára gömul. Við bæinn var ágætis skautasvell sem við fórum að skauta á. Skemmtum við okkur konunglega um stund en svo brast ísinn og ég fell niður en næ að halda mér uppi á meðan stelpurnar hlupu inn til að sækja hjálp. Út kemur Eiríkur og bjargar mér upp úr vökinni. Ég man alltaf hvað það var gott að komast upp úr köldu vatninu. Þá var farið með mig inn í bæ og mér þurrkað og hlýjað með heitu kakói. Þar sem ég var ekki með nein aukaföt var brugðið á það ráð að klæða mig í föt af Gunni sem þá bjó á Gafli. Þó svo að fötin hafi verið vel stór á litla dömu þá var það allt í lagi mestu máli skipti að þau voru þurr. Það var svo fyrir nokkrum árum að ég hitti Eirík í kaffi hjá ömmu minni og afa á Selfossi að þessi saga var rifjuð upp. Þá sagði hann mér að hann hefði alltaf viljað hitta þessa litlu stelpu aftur sem hann bjargaði upp úr vökinni mörgum árum áður. Þremur árum eftir ævintýrið á Gafli fór ég með pabba, sem þá var að teikna nýjan Villingaholtsskóla, að hitta oddavita hreppsins sem einnig var kartöflubóndi og ætlaði að láta okkur fá útsæði. Ég man að pabbi sýndi mér á leiðinni hvar skólinn ætti að vera. Svo hittum við oddvitann og fengum að skoða hjá honum fjósið og fleira sem að mér fannst mjög spennandi, enda ætlaði ég að verða bóndi á þessum aldri. Á leiðinni heim spurði ég svo pabba hvort þessi maður ætti engin börn og fékk það svar að hann ætti fjögur og það fimmta á leiðinni. Í dag vinn ég í skólanum sem pabbi sýndi mér, er gift syni oddvitans og bý í sveitinni góðu. Ég er reyndar ekki enn orðin bóndi, en hver veit kannski rætist sá draumur einn daginn.

Ég skora á samstarfskonu mína og vinkonu, Sigurbáru Rúnarsdóttur frá Langsstöðum að koma með næsta pistill. Hún hefur örugglega frá einhverju skemmtilegu að segja.

Góðar stundir  
Sigrún Helgadóttir, Árprýði.

# Frá Umf. Vöku

## Úrslit af 17. júní móti Umf. Vöku

### Stúlkur

#### 60m. Hlaup

1.	Kolbrún Katla Jónsdóttir	’01	10,4sek
2.	Marta Brynjólfsdóttir	’03	11,7sek
3.	Laufey Árnadóttir	’06	16,1sek
4.	Þórunn Eva Ingvarsdóttir	’07	21,3sek
5.	Eva Bragadóttir	’08	22,7sek
6.	Magnea Bragadóttir	’09	38,1sek
7.	Ásta Björg Jónsdóttir	’10	40,0sek

#### Langstökk

1.	Kolbrún Katla Jónsdóttir	’01	3,16m
2.	Marta Brynjólfsdóttir	’03	2,82m
3.	Laufey Árnadóttir	’06	1,96m
4.	Þórunn Eva Ingvarsdóttir	’07	1,08m
5.	Eva Bragadóttir	’08	0,80m
6.	Ásta Björg Jónsdóttir	’10	0,65m
7.	Magnea Bragadóttir	’09	0,62m

#### Kúluvarp

1.	Kolbrún Katla Jónsdóttir	’01	7,81m
2.	Marta Brynjólfsdóttir	’03	4,93m
3.	Laufey Árnadóttir	’06	2,82m
4.	Eva Bragadóttir	’08	0,82m
5.	Magnea Bragadóttir	’09	0,65m

#### 400m hlaup

1.	Kolbrún Katla Jónsdóttir	’01	1:54,9mín
2.	Marta Brynjólfsdóttir	’01	2:17,1mín
3.	Laufey Árnadóttir	’06	2:58,3mín

### Piltar

#### 60m. hlaup

1.	Dagur Fannar Einarsson	’02	9,9sek
2.	Unnsteinn Reynisson	’03	10,7sek
3.	Sigurjón Reynisson	’05	11,0sek
4.	Daði Kolviður Einarsson	’05	11,2sek
5.	Hjalti Geir Jónsson	’06	11,8sek
6.	Victor Örn Victorsson	’03	12,0sek
7.	Viðar Hrafn Victorsson	’06	12,9sek
8.	Helgi Reynisson	’08	16,0sek
9.	Hjörleifur M. Rúnarsson	’08	16,0sek
10.	Arnór Leví Sigmarsson	’07	18,8sek
11.	Jón Oliver Rúnarsson	’10	27,1sek

## Langstökk

1.	Dagur Fannar Einarsson	'02	3,49m
2.	Unnsteinn Reynisson	'03	3,01m
3.	Sigurjón Reynisson	'05	2,77m
4.	Hjalti Geir Jónsson	'06	2,75m
5.	Daði Kolviður Einarsson	'05	2,68m
6.	Victor Örn Victorsson	'03	2,48m
7.	Viðar Hrafn Victorsson	'06	2,38m
8.	Helgi Reynisson	'08	1,69m

## Kúluvarp

1.	Pétur Brynjólfsson	'02	7,60m
2.	Dagur Fannar Einarsson	'02	6,47m
3.	Unnsteinn Reynisson	'03	5,69m
4.	Heinz Jóhann Brynjólfsson	'04	5,25m
5.	Victor Örn Victorsson	'03	4,71m
6.	Daði Kolviður Einarsson	'05	4,08m
7.	Sigurjón Reynisson	'05	3,78m
8.	Hjalti Geir Jónsson	'06	3,37m
9.	Viðar Hrafn Victorsson	'06	3,11m
10.	Arnór Leví Sigmarsson	'07	1,81m
11.	Helgi Reynisson	'08	1,25m

## 400m hlaup

1.	Dagur Fannar Einarsson	'02	1:27,8mín
2.	Daði Kolviður Einarsson	'05	1:41,3mín
3.	Sigurjón Reynisson	'05	1:44,0mín
4.	Unnsteinn Reynisson	'03	1:46,0mín
5.	Victor Örn Victorsson	'03	1:51,7mín
6.	Viðar Hrafn Victorsson	'06	2:00,1mín
7.	Hjalti Geir Jónsson	'06	2:07,0mín
8.	Helgi Reynisson	'08	2,33,0mín

## Úrslit stigakeppni

### Stúlkur

1.	Kolbrún Katla Jónsdóttir	16 stig
2.	Marta Brynjólfsdóttir	12 stig
3.	Laufey Árnadóttir	8 stig

### Piltar

1.	Dagur Fannar Einarsson	15 stig
2.	Unnsteinn Reynisson	9 stig
3.	Sigurjón Reynisson	6 stig

## Úrslit af 17. júní móti

17. júní mót Umf. Samhygðar fór fram á íþróttavellinum við Félagslund á 17. júní. Keppt var í 60 m hlaupi og langstökki. Alls tóku 9 stúlkur og 4 drengir þátt. Að keppni lokinni fengu öll börn afhent viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna. Bikar fyrir besta afrek var ekki veittur að þessu sinni sökum þess hve ungir keppendur voru. Úrslit urðu á þessa leið:

Stúlkur	Fæðingarár	60 m	Langstökk
Arna Steinarsdóttir	2008	19,6	1,40 m
Ásdís Eva Magnúsdóttir	2007	14,9	1,56 m
Ásrún Júlía Hansdóttir	2008	19,6	1,40 m
Ásthildur Ragnarsdóttir	2003	13,1	1,05 m
Erlín Katla Hansdóttir	2005	17,8	
Margrét Lóa Stefánsdóttir	2009	25,1	
Melkorka Álfðís Hjartard.	2006	16,1	1,50 m
Natalía Líf Árnadóttir	2006	14,6	
Sara Steinarsdóttir	2010	28,6	

  

Drengir	Fæðingarár	60 m	Langstökk
Ágúst Þorsteinsson	2004	12,4	2,50 m
Ásgeir Skarphéðinn Andras.	2008	15,1	1,77 m
Ethan Haukur Wood	2005	12,4	2,70 m
Fróði Kristinsson	2005	13,1	

## Utanhússæfingar í frjálsum íþróttum

Munið frjálsíþróttasæfingarnar við Þjórsárver á mánudagskvöldum frá kl. 19:30-20:30. Mæting hefur verið góð og mikið líf og fjör í mannskapnum. Guðmunda Ólafsdóttir þjálfar. Allir krakkar velkomnir frá 6 ára aldri og uppúr.  
Ungmennafélögin

## Dagskrá mánaðarins

4.-7. júlí	Landsmót UMFÍ
8. júlí	Æfing við Þjórsárver
9. júlí	Sumarferð Kvenfélags Villingaholtshrepps
10. júlí	Leikjakvöld í Einbúa
15. júlí	Æfing við Þjórsárver
17. júlí	Leikjakvöld í Einbúa
22. júlí	Æfing við Þjórsárver
24. júlí	Leikjakvöld í Einbúa
29. júlí	Æfing við Þjórsárver
31. júlí	Leikjakvöld í Einbúa



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160